

Minnisblað

Dagsetning: 29. september 2021
Viðtakandi: Rannveig Anna Guicharnaud, Náttúrufræðistofnun Íslands
Sendandi: Aðalsteinn Örn Snæpórsson, Náttúrustofa Norðausturlands

Efni: Vöktun náttúruverndarsvæða 2021 – staða verkefna hjá NNA í lok september 2021

Vettvangsvinnu verkefna 2021 er lokið en innsetningu gagna og úrvinnslu er að mestu ólokið.

Verkefni 1. Náttúruvættið Dettifoss, Selfoss, Hafragilsfoss og nágrenni; jarðminjar, gróður og jarðvegur

Vettvangsvinna fór fram 25. ágúst og var hún unnin af Bergþóru Kristjánsdóttur og Sigbrúði Stelli Jóhannsdóttur.

Við Hafragilsfoss var álagssvæðið myndað með flygildi samkvæmt fyrirfram ákveðnum ferli. Stærri svæði var myndað nú en sumarið 2021 og notast var við nýtt flygildi sem Náttúrustofan keypti fyrir sumarið. Einnig voru teknar ljósmyndir á föstum ljósmyndapunktum, bæði af jarðminjum og álagssvæðum gróðurs. Við Dettifoss og Selfoss voru teknar ljósmyndir á föstum ljósmyndapunktum af álagssvæðum gróðurs og lögð út þrjú föst gróðursnið samkvæmt Aðferð 1b á álagssvæðum við Dettifoss. Afmörkun álagssvæða gróðurs, sem mæld voru á vettvangi 2020 og kortlögð inn á samsett myndkort frá 2020, var sannreynd á vettvangi.

Verkefni 2. Jökulsárgljúfur; jarðminjar, gróður og jarðvegur

Vettvangsvinna fór fram 29. júní, 16. og 24. ágúst og var hún unnin af Aðalsteini Erni Snæpórssyni, Bergþóru Kristjánsdóttur og Sigbrúði Stelli Jóhannsdóttur.

Á Eyjunni í Ásbyrgi voru teknar ljósmyndir á föstum ljósmyndapunktum af álagssvæðum gróðurs.

Álagssvæðið á Ásbyrgisbarmi ofan Botnstjarnar var myndað aftur samkvæmt fyrirfram ákveðnum ferli. Nú var notast við nýtt flygildi en samanburður á ljósmyndum úr eldra flygildi 2020 og því nýja 2021 sýnir að mun betri gæði eru á ljósmyndum sem teknar voru með nýja tækinu. Einnig voru teknar ljósmyndir á föstum ljósmyndapunktum. Afmörkun álagssvæða gróðurs, sem mæld voru á vettvangi 2020 og kortlögð inn á samsetta loftmynd frá 2020, var sannreynd á vettvangi. Einnig var lengd og breidd hentistíga, sem sáust á sama myndkorti en ekki á vettvangi 2020, mæld og ástand metið.

Í Hljóðaklettum og Rauðhólum voru teknar ljósmyndir á föstum ljósmyndapunktum. Afmörkun álagssvæða gróðurs, sem mæld voru á vettvangi 2020 og kortlögð inn á samsett myndkort frá 2020, var sannreynd á vettvangi. Afmörkun álagssvæða jarðminja sem sáust vel á sama myndkorti var einnig sannreynd á vettvangi. Einnig var lengd og breidd hentistíga, sem sáust á sama myndkorti en ekki á vettvangi 2020, mæld og ástand metið.

Við Dettifoss voru teknar ljósmyndir á föstum ljósmyndapunktum á álagssvæðum gróðurs og lögð út tvö föst gróðursnið í Fosshvammi samkvæmt Aðferð 1b á álagssvæðum gróðurs við Dettifoss. Við Hafragilsfoss voru teknar ljósmyndir af jarðminjum á föstum ljósmyndapunktum.

Verkefni 3. Jökulsárgljúfur; friðlýstar, válista og sjaldgæfar plöntur

Náttúrustofan gerir ráð fyrir að vettvangsvinna við þetta verkefni verði unnin með sérfræðingum Náttúrufræðistofnunar en það var ekki farið í verkefnið í sumar.



Verkefni 4. Jökulsárgljúfur; ágengar tegundir

Lagt var upp með að þetta verkefni yrði unnið í nánú samstarfi við starfsmenn Vatnajökulsþjóðgarðs í Jökulsárgljúfrum sem myndu hnita útbreiðslu lúpínu, og mögulega annarra ágengra tegunda í Jökulsárgljúfrum samhliða aðgerðum við að halda tegundunum í skefjum. Verkefnið gekk nokkuð vel sumarið 2020 en þá var það fyrst og fremst bundið við svæðið sunnan við þjóðveg frá Jökulsá á Fjöllum og vestur að vegi í Hljóðakletta og Vesturdal. Svæðið við Ástjörn og mynni Ásbyrgis beggja vegna Eyjunnar voru hluti af því. Á fundi með starfsmönnum þjóðgarðsins vorið 2021 var ákveðið að halda verkefninu áfram í sumar og reyna þá einnig að hnita útbreiðslu lúpínu á þekktum stöðum í Grjóthálsi innan þjóðgarðs og skammt sunnan við veg að Dettifossi. Eftir miðjan júlí hafði starfsmaður þjóðgarðsins samband við Náttúrustofuna til að láta vita að þau hefðu ekki tíma til að vinna verkefnið nema að litlu leyti. Náttúrustofan ákvað því að senda sumarstarfsmenn til að hnita helstu fundarstaði lúpínu sunnan þjóðveggar við Ásbyrgi og Ástjörn en starfsfólk þjóðgarðsins náði aðeins að taka lítinn hluta af því svæði. Einnig var útbreiðsla lúpínu meðfram Dettifossvegi frá þjóðvegi 85 og áleiðis að Vesturdal kortlögð sem og lúpínubreiða sunnan vegar að Dettifossi. Samhliða kortlagningunni voru stakar plöntur rifnar upp og/eða fræbelgir teknir og fjarlægðir þar sem plönturnar voru komnar langt með að þroska fræ.

Endurskoða þarf verkefnið fyrir næsta sumar.

Vettvangsvinna fór fram 23., 26. og 28. júlí og var hún unnin af Bergþóru Kristjánsdóttur, Snæþóri Aðalsteinssyni og Degi Sæmundssyni sjálfbóðaliða og syni Bergþóru.

Verkefni 5. Jökulsárgljúfur; fuglar

Flórgoði

Fylgst var með varpi flórgoða á Ástjörn. Notast var við 10 nýjar myndavélar sem Ní keypti hjá Hlað en þær reyndust ekki eins vel og vonast var til. Myndavélarnar eru með SIM kort og tengjast því farsímakerfinu. Samkvæmt upplýsingum um vélarnar á að vera hægt að senda SMS skilaboð í þær og fá mynd og upplýsingar til baka. Þær voru stilltar þannig að þær áttu að senda mynd og upplýsingar einu sinni á sólarhring. Þetta gekk hins vegar ekki eftir þrátt fyrir að símsamband á Ástjörn sé gott. Sendingar frá vélunum voru mjög stopular og svöruðu sjaldan ef send voru skilaboð í þær. Sérfræðingur hjá Hlað ehf taldi ástæðuna vera þá að við værum að láta vélarnar gera meira en þær eru hannaðar til, þ.e. taka myndir þetta ört (5 mín. fresti) og senda skilaboð einnig. Það er samt sérstakt að bjóða upp á möguleika sem tækið ræður ekki við.

Hver myndavél er knúin 12 rafhlöðum og entust þær í um 10 daga. Það fór því mikið magn af rafhlöðum í sumar. Um mitt sumar fengum við þrjá rafgeyma frá Hlað ehf sem við prófuðum og var reynsla þeirra mjög góð enda endast þeir mun lengur en rafhlöðurnar. Myndavélar sem tengdar voru við rafgeymi eru léttari þar sem þær hafa ekki rafhlöður heldur tengjast rafgeyminum um snúru. Það er kostur að hafa vélarnar léttar ef það á að festa þær á trjágreinar. Það má því hiklaust mæla með notkun rafgeyma í stað rafhlaða í framtíðinni.

Alls voru farnar 8 ferðir vegna myndavéla auk einnar í vortalningu flórgoða. Fylgst var með 21 hreiðri en varppör voru talin vera í mesta lagi 15 miðað við vortalningu. Vortalning fór fram 26. maí og ferðir vegna myndavéla voru dagana 2., 9., 15. og 29. júní, 12., 13. og 26. júlí og 12. ágúst 2021. Tveir starfsmenn voru í hverri ferð og komu alls 6 starfsmenn að vettvangsvinnu, Aðalsteinn Örn Snæþórsson, Bergþóra Kristjánsdóttir, Brynjólfur Brynjólfsson, Sigprúður Stella Jóhannsdóttir, Snæþór Aðalsteinsson og Yann Kolbeinsson. Vettvangsvinnu er lokið og mikið af úrvinnslunni.



Mófuglar

Settir voru út 113 punktar til talningar á mófuglum. Af þeim voru 55 staðsettir milli Ásbyrgis og Vesturdals og 58 milli Vesturdals og Hólmatungna. Talningar fóru fram dagana 8., 9. og 15. júní og tókust vel. Taldir voru allir mófuglar sem sáust í allt að 200 m fjarlægð. Fjarlægð í hvern fugl var mæld auk þess sem atferli var skráð. Starfsmenn sem komu að talningu voru Aðalsteinn Örn Snæþórsson, Bergþóra Kristjánsdóttir, Sigprúður Stella Jóhannsdóttir og Yann Kolbeinsson. Gagnainnslætti er lokið en öll úrvinnsla eftir.

Verkefni 6. Askja, Herðubreiðarlindir; jarðminjar, gróður og jarðvegur

Vettvangsvinna í Herðubreiðarlindum fór fram 27. maí og 12. ágúst. Aðalsteinn Örn Snæþórsson taldi fugla í Herðubreiðarlindum í maí en Bergþóra Kristjánsdóttir og Sigprúður Stella Jóhannsdóttir fóru á svæðið í ágúst. Landverðir sáu um ljósmyndatöku á föstum ljósmyndapunktum vegna vöktunar jarðminja við Öskju og í Holuhrauni.

Í Herðubreiðarlindum var skilgreint og afmarkað svæði á tjaldsvæði og í kringum Þorsteinsskála ljósmyndað með flygildi samkvæmt fyrirfram ákveðnum ferli. Einnig voru teknar ljósmyndir á föstum ljósmyndapunktum á gönguleiðum og tjaldsvæði, hentistígar í kringum Þorsteinsskála voru kortlagðir samkvæmt Aðferð 2c og lögð út þrjú föst gróðursnið innan sem utan álagssvæða á tjaldsvæði samkvæmt Aðferð 1b.

Verkefni 7. Mývatnssveit friðlýst svæði – Dimmuborgir, Hverfjall og Seljahjallagil; jarðminjar, gróður og jarðvegur

Vettvangsvinna fór fram 6. júlí, 9. júlí og 18. ágúst og var hún unnin af Bergþóru Kristjánsdóttur, Sigprúði Stelli Jóhannsdóttur og Hannesi Lárusi Hjálmarssyni landverði í Mývatnssveit sem fór með í Seljahjallagil.

Í Dimmuborgum var sama svæði og 2020 ljósmyndað með nýju flygildi samkvæmt fyrirfram ákveðnum ferli og fór sú myndataka fram í ágúst þar sem óheimilt var að fljúga dróna í Dimmuborgum fram til 15. júlí vegna varps fálka. Í Dimmuborgum voru teknar ljósmyndir á föstum ljósmyndapunktum, bæði af jarðminjum og álagssvæðum gróðurs. Einnig var afmörkun og ástand álagssvæða gróðurs við Krókastíg sem sáust á samsettu myndkorti frá 2020 sannreynd á vettvangi og lengd og breidd hentistíga sem sáust á sama myndkorti en ekki á vettvangi, mæld og ástand þeirra metið.

Í Seljahjallagili voru teknar ljósmyndir á föstum ljósmyndapunktum en einnig var gerð ástandsgreining á gönguleiðinni inn að gilinu (hringleið) þar sem notast var við Aðferð 2a.

Verkefni 8. Mývatnssveit utan verndarsvæða - Hverarönd, Víti og Leirhnjúkur; jarðminjar, jarðhitamyndanir og vistgerðir

Vettvangsvinna fór fram 1. og 2. júlí og var hún unnin af Aðalstein Erni Snæþórssyni og Sigprúði Stelli Jóhannsdóttur.

Við Hveri/Hverarönd var skilgreint og afmarkað svæði við leirhverina ljósmyndað með flygildi samkvæmt fyrirfram ákveðnum ferli. Þar og á Námafjalli voru teknar ljósmyndir á föstum ljósmyndapunktum til að fylgjast með álagi á jarðminjar og jarðhitamyndanir.

Við Víti voru teknar ljósmyndir á föstum ljósmyndapunktum til að fylgjast með álagi á svæðið.

Við Leirhnjúk var sama svæði og 2020 ljósmyndað með nýju flygildi samkvæmt fyrirfram ákveðnum ferli. Ljósmyndir voru teknar á föstum ljósmyndapunktum en einnig voru teknar ljósmyndir á föstum gróðursniðum við jarðhitavistgerðir en engar gróðurmælingar gerðar. Afmörkun álagssvæða jarðminja sem sáust vel á samsettu myndkorti frá 2020 var sannreynd á vettvangi.



Verkefni 9. Þeistareykir og norðurhluti Gjástykkis; jarðminjar, gróður og jarðvegur

Vettvangsvinna fór fram 19., 30. og 31. ágúst og var hún unnin af Brynjólfi Brynjólfssyni, Bergþóru Kristjánsdóttur, Olgu Kolbrúnu Vilmundardóttur og Sigbrúði Stellu Jóhannsdóttur.

Við Togarahelli, hverasvæði í kringum sæluhús og við Litla- og Stóra-Víti voru teknar ljósmyndir á föstum ljósmyndapunktum til að fylgjast með álagi á gróður og jarðminjar. Ekki var talin ástæða til að endurtaka myndatöku með flygildi við Litla-Víti á þessu ári eða að taka árlega myndir á föstum ljósmyndapunktum í Gjástykki.

Jarðhitavistgerðir og jarðhitaplöntur voru kortlagðar á nokkrum hverasvæðum við Þeistareyki samkvæmt Aðferð 3a. Kortlagningin fór fram á þeim hverasvæðum sem líklegust eru til að verða fyrir mestum áhrifum af umferð ferðamanna á Þeistareykjum og var þar annars vegar stuðst við drög að deiliskipulagi sem Þingeyjarsveit er að vinna fyrir svæðið og hins vegar við skýrslu Náttúrufræðistofnunar um afmörkun jarðhitagróðurs á Þeistareykjum¹. Deiliskipulagið tekur mið af uppbyggingu vegna aukins fjölda ferðamanna á Þeistareykjum, m.a. út frá bættum vegasamgöngum. Fleiri hverasvæði þyrfti að kortleggja.

Verkefni 10. Goðafoss og Aldeyjarfoss; gróður og jarðvegur

Vettvangsvinna fór fram 26. ágúst og var hún unnin af Bergþóru Kristjánsdóttur og Sigbrúði Stellu Jóhannsdóttur.

Við Goðafoss var sama svæði og 2020 ljósmyndað með nýju flygildi samkvæmt fyrirfram ákveðnum ferli. Þar voru einnig teknar ljósmyndir á föstum ljósmyndapunktum á álagssvæðum gróðurs.

Við Aldeyjarfoss voru teknar ljósmyndir á föstum ljósmyndapunktum á álagssvæðum gróðurs.

Verkefni 11. Tjörneslögin; steingervingar

Vettvangsvinna fór fram 28. júní og var hún unnin af Aðalsteini Erni Snæþórssyni og Sigbrúði Stellu Jóhannsdóttur.

Svæðið var ljósmyndað með flygildi þar sem teknar voru fremur láréttar frekar en lóðréttar myndir af sjávarbakkanum, allt frá mynni Hallbjarnarstaðagils norðan við Tungulendingu og suður að Skeifarfossi. Útbreiðsla lúpínu á sjávarbakkanum sést vel af þeim myndum. Einnig voru teknar ljósmyndir á föstum ljósmyndapunktum af steingervingalögum við Tungulendingu.

Verkefni 12. Önnur ferðamannasvæði á Norðausturlandi – Forkönnun.

Gerð var forkönnun á nokkrum ferðamannastöðum á Tjörnesi, Melrakkaslétu, Pistilfirði og Langanesi til að skoða ástand og álag af völdum ferðamanna. Vettvangsvinna fór fram 24. júní, 8., 9. og 30. júlí og var hún unnin af Aðalsteini Erni Snæþórssyni, Bergþóru Kristjánsdóttur og Sigbrúði Stellu Jóhannsdóttur. Ferðir á Langanes voru samnýttar með öðrum verkefnum Náttúrustofunnar. Eftirfarandi staðir voru skoðaðir:

Skeiðsöxl á austanverðu Tjörnesi. Á staðnum er mjög auðvelt að sjá lunda á bjargbrún en við þjóðveginn er útskot með litlu bílastæði. Staðurinn er ekki merktur sem fuglaskoðunarstaður en hefur spurst út og má oft sjá ferðamenn þar. Engin merkt gönguleið er frá bílastæðinu að bjargbrúninni og ganga ferðamenn víða meðfram henni. Skoðað var álag á gróður og teknar ljósmyndir.

Útsýnisstaður á austanverðu Tjörnesi. Þegar endurbættur vegur um Tjörnes var opnaður fyrir 17 árum var gerður nýr útsýnis- og áningastaður fyrir ofan Fjallahöfn. Þar er mikið stoppað enda afar gott útsýni yfir Öxarfjörð en einnig er nokkuð um að ferðamenn gisti þar í húsbílum. Einnig ber á því að ferðamenn

¹ <https://utgafa.ni.is/skyrslur/2009/NI-09003.pdf>



gangi í norður frá útsýnisstaðnum meðfram bjargbrún. Ekkert salerni er á svæðinu og má sjá ummerki um að gestir gangi örna sinna við bílastæðið. Skoðað var álag á gróður og teknar ljósmyndir.

Rauðinúpur á Melrakkaslétu. Rauðinúpur er um 70 m hár en hann er eldstöð frá ísöld. Í Rauðanúpi er stór gígskál en rauðar bergmyndanir einkenna núpinn. Á Rauðanúpi er að finna einu svartfuglabyggð Melrakkaslétu og jafnframt aðra af tveimur súlubyggðum á Norðurlandi en súlurnar verpa í Karlinum, öðrum af tveimur klettadröngum sem standa skammt frá landi. Til að komast á Rauðanúp er ekinn afleggjari að bænum Núpsköttu. Við veginn nálægt bænum er stórt og þétt krúvarp og hafa landeigendur bæði sett upp skilti þar sem hraði er takmarkaður við 15 km/klst og umferð hunda og notkun dróna bönnuð. Einnig hefur varpsvæði verið lokað með böndum. Um 30 mín gangur er frá bænum og út að vita á Rauðanúp. Þaðan er gott útsýni yfir klettadrangana. Skoðað var álag á gróður við gönguleið, Vitann og á bjarginu móts við Karlinn og teknar ljósmyndir.

Hraunhafnartangi á Melrakkaslétu. Nokkuð er um að ferðamenn gangi frá þjóðvegi á Melrakkaslétu að Hraunhafnartanga en þar er viti og gömul dys, Þorgeirsdys. Til að ganga þangað þarf að fara í gengum friðlýst æðavarp en þar er umferð bönnuð fram til 15. júlí ár hvert. Skoðað var álag á gróður svæðisins í kringum gönguleiðir og teknar ljósmyndir.

Rauðanes í Pistilfirði nýtur vaxandi vinsælda sem áfangastaður ferðamanna. Þar má sjá fjölbreyttar jarðmyndanir eins og stuðluð hraunlög, bólstraberg og setlög sem sjórinn hefur leikið um eftir að nesið lyftist úr sjó eftir síðasta jökulskeið². Sjá má hella, bása, standberg, stapa og gatkletta af merktri gönguleið sem liggur um nesið. Á nesinu er einnig nokkuð fuglalíf, þ.m.t. lundabyggð. Gönguleiðin er um 7 km hringleið og hefst við merkt bílastæði þar sem einnig er upplýsingaskilti. Á skiltinu er að finna upplýsingar um svæðið en einnig er þar kort sem sýnir staðsetningu örnefna sem eru merkt á leiðinni. Skoðað var álag á gróður svæðisins í kringum gönguleið og teknar ljósmyndir

Skoruvíkurbjarg er utarlega á Langanesi norðan til. Í bjarginu er mikið svartfuglavarp og gott að komast þar nálægt fuglunum. Í Stórákarli sem er stakur klettadrangur skammt frá landi er talsvert súluvarp. Náttúrustofan hefur talið sjófugla á föstum sniðum í Skoruvíkurbjargi frá árinu 2006. Skoruvíkurbjarg er vinsæll áfangastaður ferðamanna sem fara um Langanes en þar hefur verið komið fyrir útsýnispalli sem nær út fyrir bjargbrúnina. Skoðað var álag á gróður svæðisins í nágrenni pallsins og teknar ljósmyndir.

Skoruvík er gamalt eyðibýli utarlega á Langanesi norðan til. Slóði liggur inn á rústasvæðið og er greinilegt að þar er farið um. Skoðað var álag á gróður og menningarminjar.

Skálar var þorp á Langanesi sem um tíma var blómlegt fiskimannasamfélag á fyrri hluta tuttugustu aldar. Skálar fóru endanlega í eyði árið 1954 en þar má sjá rústir húsa, gamla bryggju og ýmsar aðrar minjar en margar af húsarústunum hafa verið merktar. Á svæðinu er einnig lítið bílastæði, upplýsingaskilti og salerni fyrir ferðamenn. Skoðað var álag á gróður svæðisins næst bílastæði og teknar ljósmyndir. Einnig voru teknar myndir af gamalli hlaðinni vörðu ofan þorpsins.

Fontur er austasti hluti Langaness sem endar þar í mjóum bjargtanga. Þar er viti en í bjarginu er talsvert sjófuglavarp og hefur Náttúrustofan veitt þar svartfugla til að merkja og festa á dægurríta. Skoðað var álag á gróður svæðisins og teknar ljósmyndir. Einnig var svæðið ljósmyndað með flygildi en aðstæður voru ekki nógu góðar vegna þoku.

² <https://www.langanesbyggd.is/upplýsingar/raudanes>